

Því dæmist rétt vera:

Stefnda skal skylt að veita stefnanda, Sigmundi Björnssyni, full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði.

Stefndi, verkamannafélagið Hlíf, greiði kr. 100.00 í sekt í rikissjóð. Svo greiði hann og stefnanda kr. 150.00 í málskostnað, og greiðist fjárhæðir þessar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1939.

Nr. 22/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Jóns Eiríkssonar

gegn

Sveinafélagi múrara í Reykjavík.

Ágreiningur um það, hvort vinnusamningur hafi stofnast og út af því, hvort múrarameistari hafi skuldbundið sig til þess að vinna ekki.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september þ. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Jóns Eiríkssonar, múrarameistara, Urðarstíg 15 hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ. Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní 1938 gerðu múrarameistarar og Sveinafélag múrara í Reykjavík með sér vinnusamning, og gekk samningur þessi úr gildi 15. júlí s. l. samkvæmt uppsögn frá Sveinafélaginu. Eftir að uppsögn hafði farið fram, en áður en samningstíminn væri útrunninn, reyndu aðiljar að semja um framlengingu samningsins. Það gekk ekki saman með þeim og slitnaði upp úr samningsumleitunum 8. júlí s. l. Hinna 16. júlí, eða daginn eftir að fyrr greindur samningur rann út, birti Sveinafélag múrara auglýsingu í blöðum bæjarins, þar sem það tilkynnir, að með því að samningar þess við múrarameistara séu útrunnir, geti meðlimir þess (sveinafélagsins) ráðið sig til múraravinnu hjá hverjum þeim, sem skuldbindi sig til þess að verða við þeim lágmarkskröfum, sem svo eru nánar tilgreindar í auglýsingunni. Samkvæmt

Þessari auglýsingu fóru svo múrarameistarar í skrifstofu sveinafélagsins 18. og 19. júlí s. l. og undirrituðu þar, hver fyrir sig, skuldbindingarskjal samkvæmt nefndri auglýsingu, en þó mun ýtarlegra. Skjal þetta undirritaði stefnandi máls þessa, Jón Eiríksson, 18. júlí s. l., en formaður sveinafélagsins gaf því svo hljóðandi áritun: „Mótttekið samhljóða frumrit. Guðjón Benediktsson“. Höfst nú vinna við múrarastörfin aftur. En er múrarameistarar fóru að vinna sjálfir með sveinunum við þau hús, er þeir höfðu í smíðum, neitaði sveinafélagið, að þeir hefðu rétt til þess og taldi, að samkvæmt þeim skuldbindingum, er múrarameistarar hefðu undirgengið, væri þeim óheimilt að vinna sjálfum við hús, er þeir hefðu í smíðum, og ekki væri þeim heldur heimilt að vinna með nemendum í múraraiðninni, sem ekki væru í sveinafélaginu. Kom ágreiningur þessi fyrir sáttasemjara ríkisins og fór fram sáttatilaun um þessi atriði 20. júlí s. l., en hún bar ekki neinn árangur. Múrarameistarar hafa ekki viljað una þessum úrslitum og hafa 16 þeirra höfðað mál hér fyrir dómi til þess að fá úr ágreiningi þessum skorið, og hafa þeir jafnframt haft uppi skaðabótakröfur á hendur sveinafélaginu.

Í máli þessu, sem múrarameistarari Jón Eiríksson hefur höfðað, svo sem að framan greinir, gerir hann eftirfarandi dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að framangreindur samningur hans við stefnda, dags. 18. júlí s. l., fullnægi ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938, og fari um hann eftir ákvæðum nefndrar greinar.
2. Að viðurkennt verði, að hann hafi ekki á nokkurn hátt bundið sig til þess að vinna ekki sjálfur að múraraiðninni með sveinunum, og að sveinunum sé því ekki heimilt að leggja niður vinnu, þó hann vinni með þeim.
3. Að viðurkennt verði, að hann hafi ekki afsalað sér rétti til að láta nemendur, er hann kynni að taka, vinna með sveinunum, og að sveinafélaginu sé óheimilt að láta sveinana leggja niður vinnu, þó hann láti nemendur vinna með þeim.
4. Að stefnt félag verði dæmt til þess að greiða honum skaðabætur, og
5. að stefnt félag verði dæmt til þess að greiða sektir fyrir að hafa rofið ofangreindan samning, dags. 18. júlí þ. á. Þá krefst hann og málskostnaðar.

Eftir að mál þetta var þingfest leyfði dómurinn, eftir ósk aðilja og með skírskotun til 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, að flutningi máls þessa yrði skipt þannig, að í þessum hluta málsins yrðu aðeins teknir til meðferðar þrír fyrstu liðirnir í kröfum stefnanda, en að hinir yrðu síðar teknir til meðferðar. Stefnandi hefur þó gert kröfu til málskostnaðar að því er þennan hluta málsins varðar.

Stefndi hefur gert þær kröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður.

Koma þá til athugunar þær kröfur stefnanda, er um ræðir í þessum hluta málsins.

Um 1. Stefnandi telur, að með skjali því, er hann undirritaði 18. júlí s. l., hafi stofnast vinnusamningur milli hans og stefnda, er fullnægi ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, og fari um samning þennan eftir ákvæðum nefndrar greinar um samningstíma og uppsagnarfrest. Þessu hefur stefndi mótmælt. Telur hann, að til þess að svo yrði litið á, hefði hann þurft að undirrita skjal þetta sem aðili. Þetta hafi hann ekki gert, heldur aðeins ritað á það yfirlýsingu um, að hann hefði mótttekið samrit þess, enda sé skjalið eftir innihaldi sínu aðeins einhliða skuldbinding af hálfu stefnanda, og sé því ekki um skriflegan samning að ræða, samkvæmt 6. gr. nefndra laga.

Eins og áður greinir, heimilaði sveinafélagið meðlimum sínum með auglýsingunni 16. júlí s. l. að vinna hjá þeim, er undirgengjust þær skuldbindingar, sem upp voru taldar í henni. Samkvæmt auglýsingunni fór svo stefnandi á skrifstofu sveinafélagsins og undirritaði þar framangreint skjal, sem fyrir hann var lagt af sveinafélaginu og samið af því. Er það töluvert ýtarlegra en auglýsingin og innihald og form þess svipað því, sem hér tíðkast um vinnusamninga milli stéttarféлага og atvinnurekenda. Þá stendur í því, að „*hvor aðili*“ haldi sínu eintaki, en það er gert í tveim frumritum. Þá hefur og formaður sveinafélagsins ritað á skjalið, að hann hafi mótttekið samhljóða frumrit. Verður að telja, með tilvísun til þess, er nú hefur verið rakið, að stofnast hafi milli aðilja máls þessa vinnusamningur, er fullnægi ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938, og fari um hann eftir ákvæðum nefndrar greinar, að svo miklu leyti sem aðiljar verða ekki ásáttir um annað. Ber því að taka þennan kröfulið stefnanda til greina.

Um 2. Samkvæmt fyrsta lið framangreinds samnings frá 18. júlí s. l. skuldbindur stefnandi sig til þess „að taka ekki aðra en meðlimi Sveinafélags múrara í vinnu til þeirra verka, sem tilgreind eru í verðskrá félagsins, eða annara þeirra, sem viðurkennt hefur verið að heyrði undir múraraíðnina“. Telur stefnandi, að í þessu ákvæði felist ekki nein skuldbinding af sinni hálfu til þess að vinna ekki sjálfur að múraraíðninni við þau verk, er hann sjálfur lætur framkvæma. Stefndi heldur hins vegar fram gagnstæðri skoðun. Með því að framangreindur 1. liður getur ekki talizt fela í sér þá takmörkun á rétti stefnanda til að vinna sjálfur, sem stefndi heldur fram, og aðrir liðir samningsins frá 18. júlí fela ekki í sér slíka takmörkun, ber að taka þennan kröfulið stefnanda til greina.

Um 3. Eins og áður getur, er 1. liður oftnefnds samnings frá 18. júlí s. l. þess efnis, að stefnandi skuldbindur sig til þess „að taka ekki aðra en meðlimi Sveinafélags múrara í vinnu til þeirra verka, sem tilgreind eru í verðskrá félagsins ...“ Telur stefnandi, að þetta ákvæði nái ekki til nemenda, er hann kunnir að taka, og sé honum því heimilt að vinna með nemendum sínum án tillits til þess, hvort þeir kynnu að vera meðlimir í sveinafélaginu eða ekki. Stefndi heldur því hins vegar fram, að skuldbinding stefnanda í ofangreindum 1. lið nái einnig til nemenda hans, og sé honum því óheimilt að taka þá til þeirra verka, sem nánar er vísað til í 1. lið samningsins, nema þeir hafi áður gerzt meðlimir sveinafélagsins.

Upplýst er, að sú venja hafi tíðkapt um skeið, að nemendur í múraraíðninni gerðust meðlimir í Sveinafélagi múrara jafnskjótt og þeir höfðu gert námssamning við meistara sinn. Var venja þessi komin á hinn 30. júní 1938, er múrarameistarar og sveinafélagið sömdu í það sinn. Í 1. grein þess samnings skuldbinda meistarararnir sig til þess að nota eingöngu meðlimi sveinafélagsins til þeirra verka, sem þar eru nánar tilgreind, og verður að líta svo á, m. a. með tilliti til þeirrar venju, er skapast hafði um inngöngu nemenda í sveinafélagið, að múrarameisturunum hafi, samkvæmt þeim samningi, því aðeins verið heimilt að nota nemendur til vinnu í múraraíðninni, að þeir væru meðlimir sveinafélagsins. Fyrsti liður samningsins frá 18. júlí er að efni til samhljóða 1. gr. samningsins frá 30. júní 1938. Það er því

ekki hægt að fallast á það, að stefnandi máls þessa hafi haft réttmæta ástæðu til þess að ætla, að sveinafélagið vildi með samningnum frá 18. júlí s. l. falla frá þessu atriði með nemendurna, og það því síður sem ekki voru í samninginn 18. júlí tekin upp nein ákvæði um töku nemenda eða tölu þeirra hjá stefnanda, svo sem verið hafði í samningnum milli múrarameistarafélagsins og sveinafélagsins. Dómurinn verður því að fallast á þá skoðun stefnda, að stefnanda sé því aðeins heimilt að vinna með nemendum sínum að þeim verkum, sem um getur í 1. lið samningsins frá 18. júlí, að þeir séu meðlimir í Sveinafélagi múrara, og verður því þessi kröfuliður stefnanda ekki tekinn til greina að þessu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður, að því er snertir þennan hluta máls þessa, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. greinar laga nr. 80/1938 um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar. Stefnanda, Jóni Eiríkssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings og hann lætur framkvæma, en honum er óheimilt að nota til þeirra verka nemendur í múraraiðninni, sem ekki eru í Sveinafélagi múrara.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 16. nóvember 1939.

Nr. 27/1939. Magnús Guðbergur Maríonsson
gegn

Málarasveinafélagi Reykjavíkur.

Ágreiningur út af skyldu stéttarfélags til þess að veita málarasveini félagsréttindi. Félagið sektað fyrir brot á 2. gr. l. nr. 80/1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Magnúsi Guðbergi Maríonssyni, málara, gegn Málarasveinafélagi Reykjavíkur, með stefnu dags. 4. nóv. 1939. Hefur hann fengið gjafsókn